

# AKSTURSÍÞRÓTTAÐEILD VESTRA

Gildi deildarinnar



## Hlutverk akstursíþróttadeildar Vestra

Hlutverk deildarinnar samhljómar við hlutverk og gildi íþróttafélagsins Vestra. Það er að skapa umhverfi sem hvetur félagsmenn til að ná markmiðum sínum og skara fram úr í leik og starfi.

Stjórnendur og aðstandendur deildarinnar eru þess meðvitaðir að jafnhliða keppni og sigrum, þá er íþróttastarf uppeldisstarf. Þar eru iðkendum kennd gildi deildarinnar og þau viðhorf sem samfélagið vill halda á lofti. Deildin tekur undir gildi Vestra sem endurspegla það sem við viljum standa fyrir. Þau ungmenni sem eru í góðu líkamlegu formi, með sterka félagsfærni og gott hugarfar eru líkleg til að ná árangri í hverju sem þau taka sér fyrir hendur innan sem utan íþróttavallar.

### **VIRÐING**

Við berum virðingu fyrir félagi okkar, iðkendum, samherjum og mótherjum.

### **GLEÐI**

Við viljum leggja áherslu á að gleði endurspegli starf félagsins. Skemmtilegur félagsskapur og jákvæð hvatning eru lykilatriði í starfi Vestra.

### **METNAÐUR**

Við höfum metnað fyrir framgangi félagsins og stefnum að því að gera Vestra að öflugum og heilbrigðum félagi. Við höfum metnað fyrir afrekum allra iðkenda í öllum deildum félagsins.

